

Mál 16/2019

Miðvikudaginn 14. ágúst, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 16/2019

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

x

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (Hundaræktarfélags Íslands) sem barst siðanefnd 25.3.2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotleg við reglugerð um ættbókarskráningu þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 31.12.2018 hafi komið í ljós að tík A var ekki með gilt hnéskeljavottorð við þörun með rakkanum B, í upphaflegri kæru var einnig kært fyrir skort á hnéskeljavottorði rakka en eftir að kæran var send kærðu til umsagnar skilaði hún inn gildu hnéskeljavottorði fyrir rakkann og því hefur sá hluti kærunnar verið felldur niður. Kærða svaraði efnislega með bréfi dagsettu 14.7.2019. Öll vottorð og niðurstöður (eftirá tekin) voru tekin gild og hafa öll afkvæmi verið ættbókarfærð. Ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 31.12.2018 hafi komið í ljós að Tík A var ekki með gilt hnéskeljavottorð við þörun með rakkanum B en skv. reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ þurfa þær að vera til staðar. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærðu brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ. Tíkin er af kyninu Russian Toy og er í eigu kærðu.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir þörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina: Russian Toy

Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við þörun. (Gildir frá 06.12.2017). Hnéskeljaskoðun: Niðurstaða hnéskeljaskoðunar skal vera kunn fyrir þörun. (Gildir frá 06.12.2017). Lámarsaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tilskilin vottorð lágu ekki fyrir við þörun en slík vottorð eru gögn sem eru áskilin um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að þau liggi fyrir við þörun til þess að tryggj sé að hundurinn beri ekki með sér erfðagalla eða sjúkdóma. Ræktendum ber skylda til þess að kynna sér viðeigandi ræktunarreglur félagsins fyrir þörun. Það breytir ekki brotinu að hundurinn hafi staðist skoðun eftir, það var ekki fyrir séð og telst kærða því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt öðru sinni.

F.h. siðanefndar

Klara Símonardóttir

Anna D. Hermannsdóttir

Ásta María Karlsdóttir